

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 23. mars 2006 staðfest aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 1983-2003 frá 11. júní 1985, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2006